

Alþingi
Erindi nr. P 122/227
komudagur 24.11.197



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/Þ Hafðísar Ólafsdóttur, nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 19. nóvember 1997.


Efni: Frumvarp til laga um ríkisábyrgðir (99. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um ríkisábyrgðir. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við greinar frumvarpsins að öðru leyti en því, að það telur eðlilegt að við upptalningu í 2. gr. bætist nýr töluliður, sem orða mætti á þessa leið:

4. Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um þau atriði, sem meta þarf áður en frumvarp um veitingu ríkisábyrgða er lagt fram. Ljóst er, að ríkisábyrgðir til einstakra aðila í samkeppnisstarfsemi geta veikt samkeppnisstöðu annarra aðila en þeirra, sem ríkisábyrgðina eiga að fá. Breytingin, sem Verslunarráð leggur til hér að framan, er til þess fallin að draga úr hættu á slíkri röskun. Hún er þannig í samræmi við áherslur nefndar fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir, t.d. eins og þær koma fram í 1. tölulið nefndarálits hennar, sem birt er í athugasemdum við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,


Birgir Ármannsson.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 588 6666
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is